



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

Samfélagslegábyrgð

- stuðningsgögn Vakans og Ferðamálastofu

Elías Bj. Gíslason

Vakinn.is og facebook.com/vakinn.is



Vinnustofa um áhrif
ferðapjónustufyrirtækja á nærsamfélagið
Hof, 8. september 2017



Ábyrgð – skyldur - skuldbindingar

- Skyldur og skuldbindingar reyna á skilning einstaklings og hæfileika til að gera sér grein fyrir hverju hann er bundinn; einstaklingur getur haft skyldur og skuldbindingar án þess að átta sig á því sem í þeim felst.
- Þær binda okkur til tiltekinna athafna, við eigum að gera vissa hluti og aðra ekki, það er ámælisvert að gera ekki það sem skyldan býður að við höfum skuldbundið okkur til.
- Hverjum og einum ber að uppgötva skyldur sínar og taka á sig þær skuldbindingar sem staða hans eða hennar krefst.

Páll Skúlason

Nærsamfélag og ábyrgð

- Hvar eru mörkin, eru þau til?
- Fer það kannski eftir stærð viðkomandi fyrirtækis?
 - Gistiheimili eða hótélkeðja
- Skiptir eðli starfseminnar máli, eða saga?
 - Alþjóðlegt flugfélag
 - Icelandair vs. WOW

Framlag fyrirtækisins til samfélagsins

Ekkert fyrirtæki er óháð samfélaginu sem það starfar í, góð tengsl og sátt við nærumhverfið hafa áhrif á upplifun viðskiptavina/gesta og afkomu fyrirtækisins.

Kostnaður ábyrgðarleysis

Undanfarna mánuði höfum við séð glöggt dæmi um fyrirtæki sem er í miklum vanda í dag vegna þess að stjórnendur hafa sýnt takmarkaða samfélagslega ábyrgð.

Fjárhagslegur kostnaður vegna þessa hleypur ekki á miljónum heldur væntanlega á miljörðum.

Vakinn og samfélagsleg ábyrgð

Markmið VAKANS er að efla gæði og öryggi í ferðapjónustu með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð.

Vakinn og samfélagsleg ábyrgð, frh.

Vakinn er verkfæri þátttakenda til að auka gæði og öryggi, veitir þeim leiðsögn og leggur til margvísleg hjálpargögn og gátlista sem má nýta til að bæta rekstur og starfshætti í fyrirtækinu.

Efni á www.vakinn.is

- Viðmið
 - Töluvert af viðmiðum í Vakanum kallast á við samfélagslega ábyrgð og í raun má segja að um leið og fyrirtæki er komið inn í gæða- og umhverfiskerfi eins og Vakann þá er fyrirtækið farið að sýna samfélagslega ábyrgð.
- Siðareglur
- GÁTLISTI
 - Á leið til sjálfbærrar ferðaþjónustu Ítarefni fyrir
 - Ítarefni fyrir gátlistann

Siðareglur Vakans

- Fyrirtækið hefur í heiðri öll lög og reglur varðandi reksturinn og fylgir þeim eftir.
- Fyrirtækið tryggir að faglega sé staðið að bókhaldi og reikningsskilum.
- Fyrirtækið uppfyllir allar skyldur við starfsmenn með því að fara að lögum og gildandi kjarasamningum.
- Fyrirtækið sér til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun og fræðslu og að vinnuskilyrði séu við hæfi.
- Fyrirtækið tryggir öryggi starfsmanna og viðskiptavina með faglegum starfsháttum, góðri aðstöðu og viðurkenndum búnaði.
- Fyrirtækið sýnir í verki ábyrgð gagnvart íslenskri náttúru, umhverfi og samfélagi.
- Fyrirtækið hefur í heiðri hagsmuni og orðstír Íslands sem hágæða dvalarstaðar, þar sem fagmennska, gestrisni, góð þjónusta og sjálfbærni eru í fyrirrúmi.

Gátlisti, Á leið til sjálfbærrar ferðarþj.

1. Stefnumótun og starfshættir
2. Innkaup og auðlindir
3. Orka
4. Úrgangur
5. Náttúruvernd
6. Samfélag
7. Birgjar og markaður
8. Upplýsingar til viðskiptavina

Gátlisti – Samfélag

- 6.1. Mynda langtímasambönd og styðja við samfélagshópa (t.d. íþróttafélög, náttúruverndarsamtök, hjálparsamtök o.fl.).
- 6.2. Styðja einstök málefni í nærsamfélaginu til skamms tíma, t.d. þátttöku einstaklinga í keppnisferðum, stuðningur við einstakling vegna læknismeðferðar o.fl.
- 6.3. Gefa framleiðsluvöru eða þjónustu til samfélagsverkefna.
- 6.4. Gefa notaðan búnað til skóla eða samfélagshópa.

Gátlisti – Samfélag, frh.

6.5. Taka sæti í nefnd eða stjórn samtaka í héraði.

6.6. Veita ráðgjöf og fræðslu til fyrirtækja eða samfélagshópa í heimabyggð.

6.7. Vinna með öðrum ferðapjónustuaðilum á svæðinu.

6.8. Bjóða upp á starfsnám í ferðapjónustu.

Gátlisti – Samfélag, frh.

6.9. Styðja birgja á svæðinu með markvissum hætti.

6.10. Nýta staðþekkingu og starfskrafta heimamanna.

6.11. Halda opið hús fyrir heimamenn.

6.12. Vinna með sveitarstjórn að stefnumótun fyrir samfélagið
(Staðardagskrá 21).

Samfélagsleg áhrif ferðamennsku

Geta verið fjölþætt og í neikvæðustu mynd sinni skapað óvild heimamanna í garð ferðamanna.

Mikilvægt er fyrir fyrirtæki að huga að þeim áhrifum sem það hefur í heimasamfélagi og reyna að lágmarka neikvæð áhrif af starfseminni og hámarka þau jákvæðu.

Jákvæð áhrif

- Aukið stolt heimamanna á menningararfleið sinni og landi.
- Aukinn skilningur og umburðarlyndi gagnvart fólki með ólíkan menningarbakgrunn.
- Bætt aðgengi og fleiri störf.
- Uppbygging innviða.
- Aukin þjónusta sem einnig nýtist heimamönnum.

Miður jákvæð áhrif

- Álag á innviði sem getur bitnað á þjónustu fyrir heimamenn.
- Lítið sé gert úr siðum og menningu heimamanna.
- Vinnuaðstæður og kjör starfsmanna verða að vera í samræmi við lög og reglur.



FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



Takk fyrir...

